

sýna hreinleika þann, sem því var eiginlegur.

Nú fyrir skömmu er þessi maður dáinn. Engan auð lét hann eftir sig annan en kærleiksverk þau, sem hann hafði verið fjármanum sínum til þess að vinna. Enda er það bezti auðurinn, sem unt er að láta eftir sig.

Þegar við nú hugsum um, hverju litla barnið að tarna kom til leiðar, megum við þá segja: „Það er ekki til neins!“ Þegar ræða er um eitthvað til góðs, sem við eigum að gera? — Ó nei! Ljóta orðið það megum við ekki segja, hvorki með ~~manni~~ eða í hjarta okkar.

Ef við viljum vera börn í hendi guðs, getum við gert mik­ið til blessunar, án þess við vitum af. Orðið hjálp málefnum og mönnum, er sumir kunna að segja um: „Það er ekki til neins!“

Og líka þegar um það er að ræða, að leggja niður einhvern ljótan vana eða stríða gegn því, sem vont er og ljótt—þá að segja *aldrei*: „Það er ekki til neins!“ Á því ríður. Og sömuleiðis, þegar við eigum að læra eitthvað, þá má ekki segja: „Það er ekki til neins!“ Það er bara letin og viljaleysið, sem talar þá í okkur.

Ó! að við, í stað þess að segja: „Það er ekki til neins!“, lærðum að segja: „*Já, drottinn, eg skal gera það.*“



SÖGUR UM DÝR.
(Þýtt—handrit H. Kr. Fr.)

VII.

Í klaustri einu var sá siður, að þeir, sem komu of síðla til máltíðar, hringdu bjöllu einni, og rétti þá matsveim þeim einn skamt út um holu með renniloki fyrir. Í klaustri þessu var hundur einn. Hann gaf nákvæmar gætur að öllu þessu, með því að hann oftast nær fékk þá bein að naga; en leifar þessar nægðu honum ekki alla-jafna til saðningar, en hann lét sér þær þó lynda. Einhvern dag var það, að hann hafði ekkert fengið að jeta; hann fór því sjálfur að reyna að bíta í bjöllustrenginn með tönnunum, og hringja bjöllunni. Mat-